



Leiðbeiningar fyrir aðgerðir í loftslagsborgarsamningi

Um Loftslagsborgarsamning Reykjavíkurborgar

Loftslagsborgarsamningurinn (Climate City Contract, CCC) er sameiginleg áætlun um hvernig Reykjavík hyggst ná kolefnishlutleysi árið 2030 með markvissum aðgerðum í samvinnu við stofnanir, fyrirtæki, háskólasamfélagið og íbúa borgarinnar. Þátttakendur í samningnum styðja Reykjavíkurborg við að móta leiðina að kolefnishlutleysi, með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og takast á við þá losun sem eftir stendur með ábyrgum hætti. Reykjavík er í hópi 112 leiðandi borga í Evrópu sem vinna að þróun lausna framtíðarinnar og nýtir alþjóðlegt samstarf til að hraða árangri hér heima¹.

Þátttakendur í Loftslagsborgarsamningnum móta aðgerðir sem stuðla að mælanlegum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og styðja þannig við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar. Þeir taka jafnframt þátt í árlegum samráðsfundum. Fyrsti Loftslagsborgarsamningur Reykjavíkur var undirritaður í október 2024 og verður hann endurskoðaður reglulega.

Aðgerðaráætlun Loftslagsborgarsamningsins (CCC)

Aðgerðaráætlun CCC er vegvísir Reykjavíkurborgar að kolefnishlutleysi. Hún byggir á greiningu á núverandi losun gróðurhúsalofttegunda, yfirliti yfir þær aðgerðir sem þegar eru hafa verið settar fram og mati á því hversu mikið þarf að draga úr losun til viðbótar til að ná markmiðinu um kolefnishlutleysi.

Kjarni CCC er samstarf og virk þátttaka atvinnulífs, stofnana, háskóla, íbúa og annarra hagaðila. Þar sem stór hluti losunar gróðurhúsalofttegunda í Reykjavík er ekki undir beinni stjórn borgarinnar er nauðsynlegt að þróa aðgerðir og lausnir í samráði við þá aðila sem hafa áhrif á losunina og bera ábyrgð á framkvæmd aðgerðanna.

Megintilgangur aðgerðaráætlunarinnar er að brúa bilið á milli loftslagsmarkmiða og raunverulegra aðgerða. Með henni er jafnframt hægt sé að fylgjast með framvindu og árangri verkefna og tryggja nauðsynlega fjármögnun þeirra.

Aðgerðaráætlun CCC leggur áherslu á söfn samtengdra aðgerða (e. *portfolios*) fremur en stakar og ótengdar aðgerðir. Aðgerðunum er safnað saman eftir helstu losunarpáttum og er hverju aðgerðasafni ætlað að stuðla að tilteknum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Ein stök aðgerð nægir ekki til að ná kolefnishlutleysi. Árangurinn byggist á samspili margra aðgerða sem styðja hver við aðra.

Skilgreining aðgerða í sniðmáti CCC

Þátttakendur í CCC leggja fram aðgerðir sem eru skilgreindar með skýrum og mælanlegum hætti þannig hægt sé að fylgjast reglulega með framvindu þeirra, meta árangur og staðfesta áhrif þeirra. Hér að neðan er sniðmát sem fylla þarf út fyrir hverja aðgerð í aðgerðaráætlun CCC ásamt leiðbeiningum um hvernig skrá skal upplýsingar um hvern hluta töflunnar.

¹ Um loftslagsborgarsamning Reykjavíkurborgar, <https://reykjavik.is/loftslagsborgarsamningur>





(Titill á aðgerð)		Leiðbeiningar
	Aðgerð	Heiti verkefnis, stutt og lýsandi.
	Tegund	Flokkun aðgerða eftir tegund, listinn er ekki tæmandi: • Innviðir • Reglugerðir • Vitundarvakning • Stjórnsýsla • Skipulag • Innkaup • Náttúrumiðaðar lausnir • Tæknilausnir • Annað
	Lýsing	Lýsing á aðgerðinni: Hvað verður gert, hvernig verður aðgerðin framkvæmd og hvaða afurðum eða árangri henni er ætlað að skila.
Hvernig tengist verkefnið loftslagsborgar-samningi	Losunarflokkur / - flokkar	Losunarflokkar Reykjavíkurborgar hafa þegar verið metnir og skilgreindir og skiptast í eftirfarandi flokka: • Orka • Samgöngur • Úrgangur • IPUU: Efnanotkun og byggingarefni (Industrial Process and Product Use) • AFOLU: Landbúnaður, skógrækt, græn svæði og önnur landnotkun (Agricultural, Forestry and Land Use)
	Hvað hefur mest áhrif til breytinga?	Tilgreinið hvaða þættir eru mikilvægastir fyrir framgang og árangur aðgerðarinnar. Dæmi: • Skipulagsákvæðanir • Innviðir • Reglugerðir • Fjármál • Fjárhagslegir hvatar • Viðskiptalíkan • Tækni • Stefnumótun • Stjórnsýsla • Samvinna • Hegðunarbreyting
	Tengsl við CO2 niðurstöður í loftslagsborgarsamningi	Unnið í samráði við Reykjavíkurborg





Innleiðing	Ábyrgðaraðili / - aðilar	<i>Hver ber ábyrgð á framkvæmd aðgerðarinnar? Tilgreinið hver ber ábyrgð á framkvæmd aðgerðarinnar og lýsið hlutverkum á skýran hátt og ábyrgð þeirra aðila sem koma að henni.</i>
	Svæðið sem aðgerðin nær yfir (vinnustaður, Reykjavík, höfuðborgarsvæðið, landið allt eða annað?)	<i>Skilgreinið landfræðilegt umfang aðgerðarinnar, t.d. hvort hún nái til tiltekins vinnustaðar, Reykjavíkur, höfuðborgarsvæðisins, landsins alls eða annars skilgreinds svæðis. Upplýsingarnar hjálpa til við að afmarka umfang aðgerðarinnar og meta áhrif hennar og kostnað.</i>
	Þátttakendur	<i>Skráið hvaða aðilar taka þátt í aðgerðinni eða verða fyrir áhrifum af henni. Dæmi um þátttakendur eru fyrirtæki, stofnanir og íbúar.</i>
	Nánari lýsing á framkvæmd aðgerðinnar, t.d. með tilliti til innleiðingar, mannauðs, fjármagns, tímalínu og varða.	<i>Mikilvægar upplýsingar og athugasemdir er varða framkvæmd aðgerðarinnar. Upplýsingarnar hjálpa til við að meta raunhæfni aðgerðarinnar og skilja í hvaða röð og með hvaða skilyrðum innleiðingin þarf að fara fram.</i>
Áhrif og kostnaður	Framleiðsla á endurnýjanlegri orku (ef við á)	<i>Skráið, ef við á, hversu mikil endurnýjanleg orka verður framleidd vegna aðgerðarinnar. Upplýsingarnar sýna framlag aðgerðarinnar til orkuskipta og aukinnar notkun hreinnar, endurnýjanlegrar orku.</i>
	Losun sem komið verður í veg fyrir eða orkuskipti	<i>Lýsið hvernig aðgerðin kemur í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda eða stuðlar að orkuskiptum, t.d. með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.</i>
	Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	<i>Tilgreinið áætlaðan samdrátt í losun GHL sem aðgerðin mun skila, mældan í CO2 ígildum eftir losunarflokkum.</i>
	Kolefnisbinding í CO2 ígildum	<i>Tilgreinið áætlað magn kolefnis sem bundið verður með náttúrlegum eða tæknilegum aðgerðum, mælt í CO2 ígildum. Upplýsingarnar sýna hvernig brugðist er við þeirri losun sem er ekki hægt að koma í veg fyrir með beinum aðgerðum</i>
	Heildarkostnaður og kostnaður á hvert tonn CO2 ígilda	<i>Skráið áætlaðan heildarkostnað af aðgerðinni og, ef unnt er, kostnað á hvert tonn CO2 ígilda. Þannig er hægt að bera saman kostnaðarhagkvæmni mismunandi aðgerða.</i>

Reykjavík, 24. ágúst 2026

Tengiliður: Hrönn Hrafnisdóttir, umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hronn.hrafnisdottir@reykjavik.is eða loftslagsborgin@reykjavik.is



Reykjavík